

NÁMSKRÁ

framhaldsnáms sjúkraliða

í geðhjúkrun

Efnisyfirlit

Almennur hluti

Inngangur

Nám og kennsla

Inntökuskilyrði

Skipulag náms

Stígandi náms

Eftirfarandi áfangar eru á 3. hæfniprepi

Eftirfarandi áfangar eru á 4. hæfniprepi

Námsmat

Staða nemenda að námi loknu

Lykilhæfni

Lokamarkmið framhaldsnáms fyrir sjúkraliða í geðhjúkrun

Brautarlýsing framhaldsnáms fyrir sjúkraliða í geðhjúkrun

Almennir áfangar framhaldsnáms á heilbrigðissviði 10 ein (16 ECTS)

FAM4A04 Fagmennska í starfi

HBV3A03 Heilbrigðisvísindi

KEN3A03 Kennslufræði heilbrigðisstétta

STJ4A03 Stjórnun í heilbrigðisþjónustu

UTH3A03 Upplýsingatækni innan heilbrigðisþjónustunnar

Sérhæfðir áfangar framhaldsnáms í geðhjúkrun 29 ein (49 ECTS)

GES4A05 Geðsjúkdómafræði

GEH3A05 Geðhjúkrun I

GEH4A10 Geðhjúkrun II

GEH4B10 Geðhjúkrun III

GEH4C10 Geðhjúkrun IV

GKS3A04 Klínísk sálfræði

GLY4A05 Lyfjafræði geðsjúkdóma

Almennur hluti

Inngangur

Í námskránni kemur fram lýsing á störfum sjúkraliða sem lokið hafa framhaldsnámi í geðhjúkrun, þeim kröfum um hæfni og þekkingu sem til þeirra eru gerðar svo og rökstuðningur fyrir náminu. Gerð er grein fyrir skipulagi námsins, inntökuskilyrðum, kennslu, námsmati, lykilhæfni og lærdómsviðmiðum námsbrautarinnar, brautarlýsingu auk áfangalýsinga.

Heilbrigðiskerfi víða um heim hafa verið að breytast síðastliðin ár og áratugi. Miklar framfarir hafa orðið á sviði tækni og vísinda, samskipti hafa orðið flóknari og samkeppni um sérhæft og sérmenntað heilbrigðisstarfsfólk hefur aukist. Heilbrigðisstarfsmenn þurfa sífellt að bæta við sig þekkingu til að sinna þeim verkefnum sem fylgja breyttu starfsumhverfi.

Leiðarljós við uppbyggingu framhaldsnáms sjúkraliða í geðhjúkrun eru eftirfarandi:

- Bætt menntun, fræðsla og sérþjálfun starfsfólks með tilliti til geðheilbrigðisvandamála og forvarna þar að lútandi.
- Efling forvarna gegn geðröskunum, með áherslu á varnir gegn sjálfsvígum.
- Almenningsfræðsla um geðheilbrigðisvandamál.

Til þess að hægt sé að útfæra þessar áherslur þarf að auka menntun þeirra starfsmanna sem vinna með einstaklingum með geðraskanir og aðstandendum þeirra.

Sjúkraliðar eru heilbrigðisstarfsmenn og er starfsheiti þeirra lögverndað á Íslandi. Framhaldsnám fyrir sjúkraliða í geðhjúkrun hefur þann tilgang að auka þekkingu, leikni og hæfni sjúkraliða til þess að sinna geðhjúkrun og vinna að forvörnum. Einnig að auka sjálfstæði og ábyrgð sjúkraliða innan og utan stofnana og að svara þörfum fyrir aukna sérþekkingu.

Nám og kennsla

Markmið framhaldsnáms sjúkraliða í geðhjúkrun er að bæta þjónustu við einstaklinga með geðraskanir og leggja áherslu á aukna hæfni í starfi. Að námi loknu eiga sjúkraliðar að geta tekist á við fjölbreyttari og meira krefjandi verkefni og veitt heildræna, framúrskarandi og samfellda þjónustu.

Nemendur halda ferilbók sem er hluti af námsmati og fylgir þeim í gegnum allt námið. Ferilbókin er á ábyrgð nemanda og leiðbeinanda. Í verklegum þáttum námsins er ætlast til að nemendur verði færir um að yfirfæra faglega þekkingu og þjálfist í þeim vinnubrögðum og aðferðum sem búið er að leggja áherslu á. Námið miðar að því að undirbúa nemendur til þess að standast kröfur sem fram koma í lokamarkmiðum námsbrautarinnar.

Inntökuskilyrði

Nemendur sem innritast í framhaldsnám fyrir sjúkraliða þurfa að hafa lokið sjúkraliðanámi og hafa unnið sem sjúkraliðar með starfsréttindi í a.m.k. 3 ár. Mikilvægt er að nemendur hafi lokið grunnnámi í lyfhrifafræði/lyfjafræði eða sambærilegu námi. Nemendur skulu hafa góða

enskukunnáttu, hafa lokið ensku 303 eða sambærilegu námi. Nemendur skulu hafa góða þekkingu, leikni og hæfni í upplýsingatækni, þar með talið í helstu ritvinnsluforritum.

Skipulag náms

Námið er vistað hjá Fjölbautaskólanum við Ármúla/Heilbrigðisskólanum og eru námslokin skilgreind á 4. hæfniprepi framhaldsskólans. Námið er samtals 65 framhaldsskólaeiningar (feingar eða fein) sem skiptast í almenna áfanga (16 fein) og sérgreinar (49 fein). Námslengd er 1 ár miðað við fullt nám.

Verklegt nám er samþætt bóklegu námi í geðhjúkrunaráföngunum GEH4A10, GEH4B10 og GEH4C10. Nemendur vinna klínísk verkefni á meðferðar- og endurhæfingarstofnunum eða í tengslum við heimageðhjúkrun.

Stígandi náms

Stígandi náms í framhaldsnámi fyrir sjúkraliða samkvæmt námskrá þessari birtist einkum í uppröðun áfanga á námsferli nemenda. Kennsla í almennum áföngum fer fram samhliða sérhæfðum áföngum. Verklegt nám er samþætt áföngum í geðhjúkrun.

Námið er byggt upp af almennum áföngum sem eru sameiginlegir fyrir allt framhaldsnám á 4. hæfniprepi heilbrigðisviðs og sérgreinaáföngum viðkomandi framhaldsnáms. Almennir áfangar og sérgreinaáfangar eru kenndir samhliða. 28% námsins er á 3. hæfniprepi og 72% á 4. hæfniprepi.

Eftirtaldir áfangar eru á 3. hæfniprepi:

HBV3A03	Heilbrigðisvísindi
KEN3A03	Kennslufræði heilbrigðisstétta
UTH3A03	Upplýsingatækni innan heilbrigðisþjónustunnar
GEH3A05	Geðhjúkrun I
GKS3A04	Klínísk sálfræði

Eftirtaldir áfangar eru á 4. hæfniprepi:

FAM4A04	Fagmennska í starfi
STJ4A03	Stjórnun í heilbrigðisþjónustu
GES4A05	Geðsjúkdómafræði
GEH4A10	Geðhjúkrun II
GEH4B10	Geðhjúkrun III
GEH4C10	Geðhjúkrun IV
GLY4A05	Lyfjafræði geðsjúkdóma

Námsmat

Með námsmati er kannað að hve miklu leyti nemandi hefur náð settum markmiðum í viðkomandi áföngum. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat, s.s. skrifleg próf, umræðufundi, raunhæf (klínísk) verkefni, ferlibók. Nemendur skulu hafa staðist 70% lokamarkmiða á fyrstu önn til að geta haldið áfram námi.

Staða nemenda að loknu námi

Sjúkraliði með framhaldsnám í geðhjúkrun sýnir fagmennsku í samskiptum við skjólstæðinga, samstarfsfólk og gagnvart samfélaginu í heild. Hann er fær um að taka að sér aukna ábyrgð í starfi sem gæti t.d. falist í að bera ábyrgð á vöktum og starfsemi á sjúkradeildum eða stofnunum í samræmi við verklag og áherslur faglegra ábyrgðaraðila innan hjúkrunar, hagsmunasamtaka og velferðarþjónustu. Sjúkraliði með framhaldsnám í geðhjúkrun er þátttakandi í meðferðar- og teymisvinnu og getur tekið að sér klínísk verkefni í geðhjúkrun. Hann getur útbúið fræðsluefni og miðlað þekkingu um viðfangsefni geðhjúkrunar til skjólstæðinga, nema og samstarfsmanna.

Lykilhæfni

Í almennum áföngum námsins er lögð rík áhersla á námshæfni, skapandi hugsun, hagnýtingu þekkingar, læsi, tjáningu og samskipti. Námskráin endurspeglar vel yfirgripsmikla og sérhæfða þekkingu í geðhjúkrun og þekkingu og skilning á því hvað fagmennska byggir á. Ætlast er til að nemendur hafi öðlast skilning á þeim kröfum og takmörkunum sem gerðar eru til fagmanna með tilliti til skjólstæðinga, samstarfsfólks og samfélagsins í heild. Nemendur hafa öðlast þekkingu á starfsumhverfi og skipulagi íslenska heilbrigðiskerfisins og hlutverki helstu þjónustupátta þess og geta nýtt sér þá þekkingu í starfi. Í geðhjúkrunarnáminu er mikil áhersla lögð á lýðheilsu, siðfræði, lýðræði, mannréttindi, jafnrétti og menntun til sjálfbærni. Nemendur hafa öðlast leikni í að beita þekkingu geðhjúkrunar í starfi með skjólstæðingum og samstarfsfólki. Nemendur hafa öðlast hæfni í að samþætta fræðilega þekkingu og leikni í klínískum verkefnum.

Lokamarkmið framhaldsnáms fyrir sjúkraliða í geðhjúkrun

Nemandi geti:

- Sýnt fram á skilning á þeim kröfum sem gerðar eru til fagmanna með því að geta skipulagt störf sín við geðhjúkrun og sýnt sjálfstæði og ábyrgð í störfum.
- Metið ástand einstakra skjólstæðinga og ákveðinna hópa skjólstæðinga, þ.e. frávik frá fyrra ástandi og tekið ákvörðun um hvenær slík frávik þarfnast sérstakra viðbragða, meðferðar og/eða eftirlits annarra.
- Tekið þátt í þverfaglegu samstarfi við upplýsingasöfnun, greiningu vandamála, markmiðssetningu, mati á árangri meðferðar og gerð útskriftaráætlana í samvinnu við aðra meðferðaraðila.
- Nýtt sér þá sérhæfðu þekkingu, leikni og hæfni sem hann hefur aflað sér við störf á heilbrigðisstofnunum, heimilum og á þeim samfélagslega vettvangi þar sem þjónusta við einstaklinga með geðraskanir fer fram.
- Fylgt því eftir að gæði þjónustu við einstaklinga með geðraskanir séu í samræmi við stefnu viðkomandi stofnunar, heilbrigðislög, lög um réttindi sjúklinga og önnur þau lög og reglugerðir sem snúa að þjónustu skjólstæðinga.
- Miðlað þekkingu til skjólstæðinga, samstarfsmanna og nema.
- Tekið þátt í innleiðingu nýrra starfsmanna í starf.

- Verið þátttakandi í gerð gæðahandbóka og gæðaskjala til þess að bæta enn frekar þjónustu skjólstæðinga.
- Geti nýtt sér þau upplýsingakerfi sem notuð eru hverju sinni.
- Borið ábyrgð á eigin starfsþróun og þróað sig í starfi á skapandi hátt með því að fylgjast með nýjungum í geðhjúkrun og hagnýta þá þekkingu í starfi.

Brautarlýsing framhaldsnáms fyrir sjúkraliða í geðhjúkrun

Almennir áfangar framhaldsnáms á heilbrigðissviði **10 ein (16 ECTS)**

FAM4A04	Fagmennska í starfi	2 ein (4 ECTS)
HBV3A03	Heilbrigðisvísindi	2 ein (3 ECTS)
KEN3A03	Kennslufræði heilbrigðisstétta	2 ein (3 ECTS)
STJ4A03	Stjórnun í heilbrigðisþjónustu	2 ein (3 ECTS)
UTH3A03	Upplýsingatækni innan heilbrigðisþjónustunnar	2 ein (3 ECTS)

Sérhæfðir áfangar framhaldsnáms í geðhjúkrun **29 ein (49 ECTS)**

GES4A05	Geðsjúkdómafræði	3 ein (5 ECTS)
GEH3A05	Geðhjúkrun I	3 ein (5 ECTS)
GEH4A10	Geðhjúkrun II	6 ein (10 ECTS)
GEH4B10	Geðhjúkrun III	6 ein (10 ECTS)
GEH4C10	Geðhjúkrun IV	6 ein (10 ECTS)
GKS3A04	Klínísk sálfræði	2 ein (4 ECTS)
GLY4A05	Lyfjafræði geðsjúkdóma	3 ein (5 ECTS)

Almennir áfangar framhaldsnáms á heilbrigðissviði 10 ein (16 ECTS)

FAM4A04 Fagmennska í starfi

Meginmarkmið

Að nemandi öðlist þekkingu á þeirri hugmyndafræði sem fagmennska í starfi byggir á. Að nemandi sýni fram á skilning á þeim kröfum sem gerðar eru til fagmanna með tilliti til skjólstæðinga, samstarfsfólks og samfélagsins í heild.

Að nemandi öðlist þekkingu á starfsumhverfi og skipulagi íslenska heilbrigðiskerfisins og hlutverki helstu þjónustubáttanna þess og geti nýtt sér þá þekkingu í starfi.

Lokamarkmið

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa aflað sér sérhæfðrar þekkingar og skilnings á:

- fagmennskuhugtakinu og birtingu þess í samskiptum við skjólstæðinga, samstarfsfólk og í samfélaginu
- siðareglum sem um starf hans gilda og þeim reglum sem fagfélag hans kann að hafa sett sér
- lögum og reglugerðum sem snerta hans starfsvettvang
- skipulagi heilbrigðiskerfisins
- lög og reglugerðir sem tengjast heilbrigðiskerfinu
- löggiltum heilbrigðisstéttum og hlutverki þeirra
- réttindum sjúklinga samkvæmt lögum
- mismunandi þrepum þjónustu í heilbrigðiskerfinu
- mismunandi rekstarformum í heilbrigðiskerfinu
- ferli eftirlits Landlæknisembættisins með heilbrigðisþjónustunni
- forgangsatríðum í stefnumörkun í heilbrigðisþjónustu.

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa öðlast leikni í að:

- nýta fagmennsku í samskiptum við skjólstæðinga, samstarfsfólk og í samfélaginu
- útskýra þær siðareglur sem gilda um starf hans og setja þær í samhengi við starfið
- miðla upplýsingum um lög og reglugerðir sem snerta hans starfsvettvang
- miðla upplýsingum um lög, reglugerðir og skipulag heilbrigðiskerfisins
- að eiga samskipti við aðrar heilbrigðisstéttir á faglegum grunni
- miðla upplýsingum um lagaleg réttindi skjólstæðinga
- greina milli mismunandi þrepa og rekstarforma í heilbrigðisþjónustu
- útskýra eftirlitsferli Landlæknisembættisins með heilbrigðisþjónustunni

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- koma fram af fagmennsku í samskiptum við skjólstæðinga, samstarfsfólk og í samfélaginu
- fylgja þeim siðareglum sem um starf hans gilda og fagfélag hefur sett sér
- fara eftir lögum og reglugerðum sem snerta hans starfsvettvang
- taka þátt í umræðum um lög, reglugerðir, skipulag og stefnumótun heilbrigðiskerfisins

- taka þátt í þverfaglegu samstarfi heilbrigðisstétta um ákveðin sértæk verkefni
- rökstyðja að lagaleg réttindi skjólstæðinga séu virt
- rökstyðja kosti og galla mismunandi þrepa og rekstarforma í heilbrigðisþjónustu
- meta hvenær eftirlitsferli Landlæknisembættisins með heilbrigðisþjónustu eigi við.

Námslýsing

Farið er yfir skilgreiningu á hugtakinu fagmennska. Rætt er um faglega þekkingu, virðingu, umhyggju og nærgætni gagnvart skjólstæðingum. Farið er yfir hugtakið með tilliti til birtingu fagmennsku gagnvart skjólstæðingum, samstarfsfólki og samfélaginu í heild. Fjallað er um skipulag heilbrigðisþjónustunnar samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem tengjast heilbrigðisþjónustu. Gerð er grein fyrir eftirliti með heilbrigðisþjónustunni og á hvern hátt stefnumörkun er háttáð. Helstu þjónustupættir, þjónustuprep og mismunandi rekstrarform eru skilgreind. Gerð er grein fyrir löggiltum heilbrigðisstéttum og hlutverki þeirra. Fjallað er um lög um heilbrigðisþjónustu, vinnuverndarlöggjöf, þagnarskyldu og lög um réttindi sjúklinga.

Námsmat

Símat, vettvangsathuganir, verkefni og lokapróf.

HBV3A03 Heilbrigðisvísindi

Meginmarkmið

Að nemandi öðlist skilning á helstu grunnhugtökum í aðferðafræði heilbrigðisvísinda sem og þekkingu á algengustu rannsóknaraðferðum sem beitt er.

Lokamarkmið

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa aflað sér almennrar og sérhæfðrar þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtökum í aðferðafræði meginlegra rannsókna
- grunnhugtökum í aðferðafræði eigindlegra rannsókna
- einkennum ólíkra aðferða sem notaðar eru við úrtekt, gagnasöfnun og gagnagreiningu.
- kostum og göllum helstu rannsóknaraðferða
- hugtakinu rannsóknarskýrsla
- hugtökunum réttmæti og áreiðanleiki gagna
- hugtakinu gagnreynd þekking
- gildi rannsókna við ákvarðanatöku í heilbrigðisþjónustu.

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa öðlast leikni í að:

- útskýra einkenni, kosti og galla meginlegra og eigindlegra rannsókna
- útskýra tilgang og einkenni rannsóknarskýrsla
- ræða hugtökin réttmæti, áreiðanleiki, trúverðugleiki og gagnreynd þekking
- ræða gildi rannsókna við ákvarðanatöku í heilbrigðisþjónustu.

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi geta hagnýtt þá almennu og sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta:

- lýst megin Einkennum meginlegra og eigindlegra rannsókna og tengslum þeirra við kenningar
- lesið rannsóknarskýrslu með tilliti til trúverðugleika, réttmæti og áreiðanleika gagna

Námslýsing

Fjallað er um eðli og tilgang vísinda og helstu rannsóknaraðferðir kosti þeirra og galla. Bornar verða saman meginlegrar og eigindlegar rannsóknir, tengsl þeirra við kenningar skoðuð og hvernig ólíkar aðferðir tengjast mismunandi sjónarmiðum um eðli þekkingar. Fjallað er um verklag í klínískum rannsóknum. Farið er yfir aðferðafræðileg og siðferðileg vandamál tengd rannsóknum og sú umræða tengd gagnrýninni umfjöllun um niðurstöður rannsókna. Rannsóknarferlinu er lýst og fjallað um úrvinnslu, greiningu og kynningu gagna. Áhersla er lögð á að þjálfa nemendur í lestri og gagnrýnu mati á rannsóknum.

Námsmat

Námsmat felst í skriflegu prófi og þátttöku í verkefnavinnu við að lesa og greina rannsóknir.

KEN3A03 Kennslufræði heilbrigðisstétta

Meginmarkmið

Að nemandi verði fær um að fræða og leiðbeina skjólstæðingum og samstarfsfólki.
Að nemandi öðlist þekkingu á mikilvægi mismunandi aðferða bæði við nám og kennslu.

Lokamarkmið

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa aflað sér almennrar og sérhæfðrar þekkingar og skilnings á:

- helstu hugtökum og völdum kenningum kennslufræðinnar
- kennsluáætlunum
- algengum kennsluáðferðum
- helstu aðferðum við námsmat
- ólíkum aðferðum við að nema
- hvetjandi námsumhverfi
- kennslutækjum og gögnum

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa öðlast leikni í að:

- miðla upplýsingum og aðferðum á faglegan hátt
- gera kennsluáætlun við hæfi
- velja milli ólíkar aðferða við miðlun upplýsinga og aðferða
- velja matsaðferðir í samræmi við kennsluáætlun hverju sinni
- greina mismunandi aðferðir einstaklinga við að nema
- finna leiðir til þess að skapa hvetjandi námsumhverfi
- nota algeng hjálpargögn við miðlun upplýsinga þ.m.t. netið.

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi geta hagnýtt þá almennu og sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- kenna, fræða og leiðbeina skjólstæðingum, samstarfsfólki og nemendum í heilbrigðisgreinum á faglegan og skapandi hátt
- setja fram kennsluáætlanir sem byggja á ákveðnum kenningum og hugtökum kennslufræðinnar
- beita ólíkum aðferðum við að fræða, leiðbeina eða miðlun upplýsinga
- nota fjölbreyttar matsaðferðir, sem samrýmast kennsluáætlun
- taka tillit til einstaklingsbreytileika og mismunandi námsaðferða
- skapa hvetjandi umhverfi til náms
- beita algengum hjálpargögnum og tækni.

Námslýsing

Kennt er um undirbúning kennslu, fræðslu, þætti sem hafa áhrif á nám, gerð kennslu/fræðsluáætlana, markmiðasetningu og námsmarkmið. Fjölgreindarkenning Gardner's er kynnt og hvernig hægt er að miðla fræðslu í samræmi við hana. Gerð er grein fyrir mismunandi aðferðum sem fólk tileinkar sér við að nema. Kynnt eru algeng kennslutæki og kennslugögn. Rætt er um eðli og einkenni kennsluáðferða og fjallað um þær kennslu- og námsmatsaðferðir sem helst er beitt.

Námsmat

Símat, nemandi skráir námsframvindu í ferilbók. Raunhæf verkefni þar sem nemandi sér um fræðslu til skjólstæðinga, samstarfsmanna með eigin kennsluáætlun. Jafningjamat þar sem nemendur meta fræðslu og miðlun upplýsinga hjá hvor öðrum.

STJ4A03 Stjórnun í heilbrigðisþjónustu

Meginmarkmið

Að nemendur fái innsýn í grundvallaratriði mannauðs-, verkefna-, og gæðastjórnunar. Að efla hæfni nemenda til þverfaglegs samstarfs innan heilbrigðisþjónustunnar.

Lokamarkmið

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa aflað sér sérhæfðrar þekkingar og skilnings á:

- fræðigrunni mannauðsstjórnunar
- aðferðafræði stefnumiðaðrar mannauðsstjórnunar
- hugtökunum liðsheild, starfsmannastefna, fyrirtækjamening
- stefnumiðaðri starfsþróun
- aðferðafræði verkefnastjórnunar
- helstu þáttum verkefnastjórnunar.
- ferli verkefnastjórnunar, frá aðdraganda verkefnis til eftirfylgni.
- tengslum gæða og öryggis í heilbrigðisþjónustu
- hugtakinu gæðastjórnun
- grunnþáttum öryggisbrags

- helstu atriðum atvikaskráningu
- hugtakinu gæðavísar
- gæðastjórnunarstöðlum samtímans.

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa öðlast leikni í að:

- útskýra fræðigrunni mannauðsstjórnunar
- nýta hugmyndir og aðferðafræði mannauðs-, verkefna-, og gæðastjórnunar í starfi
- stjórna tilteknum verkefnum á vinnustað með tilliti til hugmynda um verkefnisstjórnun
- miðla upplýsingum um tengsl gæða og öryggis í heilbrigðisþjónustu
- útskýra hugtakið gæðastjórnun og gæðavísar
- lýsa öryggisbrag á vinnustöðum
- lýsa atvikaskráningu
- lýsa gæðastjórnunarstöðlum

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita aðferðum mannauðs-, verkefna-, og gæðastjórnunar í starfi á fjölbreyttan hátt við síbreytilegar aðstæður
- nota hugtökin liðsheild, starfsmannastefna, fyrirtækjamenning í starfi
- meta árangur áætlana um stefnumiðaða starfsþróun
- stjórna í samstarfi við aðra fjölbreyttum verkefnum á vinnustað með tilliti til hugmynda um verkefnisstjórnun
- meta upplýsingar um tengsl gæða og öryggis í heilbrigðisþjónustu
- nýta gæðastjórnun í starfi
- bera saman mismunandi öryggisbrag á vinnustöðum
- nota atvikaskráningu
- nýta sér gæðastjórnunarstaðla.

Námslýsing

Fjallað er um áætlanagerð í mannauðsmálum og ráðningaferlið frá þarfagreiningu til starfsloka. Farið er yfir helstu þætti er byggja upp öflugan liðsheild, liðsanda og fyrirtækjamenningu. Fjallað er um helstu þætti verkefnastjórnunar, allt frá aðdraganda verkefnis, verkefnið sjálft, lok þess og eftirfylgni. Fjallað er um gæði og öryggi í heilbrigðiskerfinu og grunnþætti gæðastjórnunar.

Námsmat

Lokapróf og hópverkefni þar sem nemendur velja sér viðfangsefni úr áfanganum, efnið flutt og rætt í kennslustund og skilað skriflega.

UTH3A03 Upplýsingatækni innan heilbrigðisþjónustunnar

Meginmarkmið

Að nemandi öðlist þekkingu á háttvísri tölvunotkun á heilbrigðisstofnunum og í fyrirtækjum í heilbrigðisþjónustu, persónuvernd og þagnarskyldu í rafrænu umhverfi. Að nemendur kynnist fjölbreyttum möguleikum til upplýsingaöflunar á heilbrigðissviði í gegnum vefinn.

Lokamarkmið

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa aflað sér sérhæfðrar þekkingar og skilnings á:

- mikilvægi nákvæmrar, samræmdrar, rafrænnar skráningar upplýsinga í heilbrigðisþjónustunni
- reglum um háttvísa tölvunotkun á heilbrigðisstofnunum, lög um persónuvernd, réttindi sjúklinga og þagnarskyldu
- reglum um notkun tölvupósts og umgengni um rafræn sjúkragögn og rafrænar gagnasendingar milli heilbrigðisstofnana
- helstu flokkunarkerfum og kröfum til skráningar á heilbrigðisstofnunum skv. lágmarksskráningu vistunaruþplýsinga Landlæknisembættisins.
- samspili klínískrar skráningar og DRG og annarrar fjármögnunar í heilbrigðisþjónustu.
- upplýsingakerfum og vefsíðum bókasafna og stofnana á heilbrigðissviði
- rafrænum gagnasöfnum og tímaritum á heilbrigðissviði
- höfundarétti

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa öðlast leikni í að:

- skrá upplýsingar í rafræna sjúkraskrá
- skrá aðrar upplýsingar í samræmi við gildandi reglur stofnunar eða landslög
- nýta sér upplýsingatækni í starfi

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrá upplýsingar í rafræna sjúkraskrá
- skrá aðrar upplýsingar í samræmi við gildandi reglur stofnunar eða landslög
- meta á gæði upplýsinga á vefnum

Námslýsing

Hugtakið *rafræn sjúkraskrá* kynnt og tilmæli Landlæknisembættisins um lágmarksskráningu vistunaruþplýsinga. Farið er yfir reglur um háttvísa tölvunotkun á heilbrigðisstofnunum og lög er varða persónuvernd, þagnarskyldu og réttindi sjúklinga varðandi gögn rafrænnar sjúkraskrár. Farið er yfir meðferð persónuþplýsinga. DRG fjármögnun og önnur kostnaðargreiningarlíkön eru kynnt og tengsl klínískrar skráningar við fjármögnun í heilbrigðisþjónustu. Upplýsingakerfi og vefsíður bókasafna og stofnana á heilbrigðissviði kynntar sem og Landsaðgangur að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum. Farið er yfir höfundarrétt upplýsinga og nemendum kennt að leggja mat á gæði upplýsinga á vefnum.

Námsmat:

Lokapróf, símat og verkefni.

Sérhæfðir áfangar framhaldsnáms í geðhjúkrun 29 ein (49 ECTS)

GES4A05 Geðsjúkdómafræði

Meginmarkmið

Að nemandi þekki algengustu geðraskanir og einkenni þeirra meðal fullorðinna og barna. Að nemandi þekki helstu meðferðarleiðir við geðsjúkdómum innan heilbrigðiskerfisins.

Lokamarkmið

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa aflað sér sérhæfðrar þekkingar og skilnings á:

- faraldsfræði algengustu geðsjúkdóma
- algengustu geðröskunum og aðaleinkennum þeirra
- algengum meðferðarúrræðum fyrir geðsjúka
- nöfnum og áhrifum mismunandi vímuefna
- meðferðarleiðum við áfengis- og vímuefnamisnotkun

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa öðlast leikni í að:

- lýsa faraldsfræði algengustu geðsjúkdóma
- bera saman einkenni algengra geðraskana
- miðla upplýsingum um algeng meðferðarúrræði fyrir geðsjúka
- miðla upplýsingum um nöfn og áhrif mismunandi vímuefna
- borið saman kosti og galla meðferðarleiða við við áfengis- og vímuefnamisnotkun.

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- bera saman faraldsfræði algengustu geðsjúkdóma
- geta greint á milli algengra einkenna geðraskana við raunverulegar aðstæður í starfi
- taka þátt í þverfaglegum umræðum um algeng meðferðarúrræði fyrir geðsjúka
- beita í starfi viðeigandi samskiptaaðferðum við skjólstæðinga sem haldnir eru geðröskunum
- geta greint á milli mismunandi áhrifa vímuefna
- taka þátt í þverfaglegu samstarfi við áfengis- og vímuefnamisnotkun.

Námslýsing

Fjallað er um faraldsfræði geðsjúkdóma og farið yfir algengustu geðraskanir eins og þunglyndi, kvíða, geðhvörf og geðklofa. Einnig verða kynntar perónuleikatrúflanir og farið yfir misnotkun áfengis, lyfja og ólöglegra vímuefna. Fjallað er um helstu meðferðarleiðir og uppbyggingu meðferðar geðsjúkdóma í íslensku heilbrigðiskerfi með áherslu á þátt sjúkraliða í umönnun geðsjúkra.

Námsmat: Hópverkefni, einstaklingsverkefni og lokapróf.

GEH3A05 Geðhjúkrun I

Meginmarkmið

Að nemandi öðlist þekkingu á hugtakinu geðheilsa, sögu geðhjúkrunar og helstu kenningum innan hennar. Að nemandi kynnist leiðum til að mynda meðferðarsamband við skjólstæðinga og þekki helstu skipulagsform geðhjúkrunar.

Lokamarkmið

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa aflað sér sérhæfðrar þekkingar og skilnings á:

- hugtakinu geðheilsa
- sögu og þróun geðhjúkrunar
- helstu kenningum geðhjúkrunar
- lögum og réttindum einstaklinga með geðraskanir og alþjóðlegum samþykktum þar að lútandi
- leiðum til að mynda meðferðarsamband við skjólstæðing og fjölskyldu hans
- hugmyndafræði fjölskylduhjúkrunar
- hlutverki og viðbrögðum fjölskyldu þegar einstaklingur veikist af geðsjúkdómi
- helstu úrræðum til að styrkja fjölskyldur einstaklinga með geðraskanir
- hvað felst í teymisvinnu á geðdeildum
- einstaklingshæfðri geðhjúkrun
- áhrifum fordóma gagnvart geðsjúkdómum
- hugtakinu stimplun (stigma)

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa öðlast leikni í að:

- útskýra hugtakið geðheilsa
- lýsa þekkingarþróun í geðhjúkrun
- bera saman helstu kenningar í geðhjúkrun
- mynda meðferðarsamband við skjólstæðing og fjölskyldu hans
- greina viðbrögð fjölskyldu, þegar aðstandandi veikist af geðsjúkdómi
- styðja fjölskyldu, þegar einstaklingur veikist af geðsjúkdómi
- miðla upplýsingum um hinar ýmsu meðferðir innan fjölskylduhjúkrunar
- útskýra hvað felst í teymisvinnu á geðdeildum
- útskýra hvað felst í einstaklingshæfðri geðhjúkrun
- taka upplýsta afstöðu gegn fordómum í garð skjólstæðinga með geðraskanir
- útskýra hugtakið stimplun (stigma) og afleiðingar þess

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í rökræðum um hugtakið geðheilsa
- tengja þróun geðhjúkrunar við geðhjúkrun samtímans
- rökstyðja helstu kenningar í geðhjúkrun
- mynda meðferðarsamband við skjólstæðing eftir ýmsum leiðum
- beita hugmyndafræði fjölskylduhjúkrunar
- vera þátttakandi í fjölskylduvinnu þegar einstaklingur veikist af geðsjúkdómi
- taka þátt í teymisvinnu á geðdeildum
- nýta sér kosti einstaklingshæfðrar geðhjúkrunar

- vinna gegn fordómum í samfélaginu í garð skjólstæðinga með geðraskanir
- beita sér gegn stimplun (stigma) í þjóðfélaginu

Námslýsing

Fjallað er um sögu og þróun geðhjúkrunar. Helstu kenningar innan geðhjúkrunar verða kynntar sem og hvernig þær endurspeglast í geðhjúkrun í dag. Fjallað er um meðferðarsamband sjúklings og sjúkraliða. Fjölskylduhjúkrun er kynnt, viðbrögð fjölskyldu þegar aðstandandi greinist með geðsjúkdóm og úrræði til að styrkja fjölskyldu til að takast á við álag. Lögð er áhersla á samskipti við fjölskyldu með upplýsingagjöf, fræðslu og stuðningi sem og kynningu á helstu kenningum um fjölskylduhjúkrun. Fjallað er um hvað felst í teymisvinnu á geðdeildum og hlutverk sjúkraliða í henni. Einstaklingshæfð geðhjúkrun er kynnt.

Námsmat

Hópverkefni, einstaklingsverkefni og lokapróf.

GEH4A10 Geðhjúkrun II

Undanfari: GEH3A05 Geðhjúkrun I

Meginmarkmið

Að nemandi öðlist þekkingu á hjúkrunarmeðferðum algengustu geðsjúkdóma fullorðinna. Að nemandi samþætti faglega þekkingu verknámi á heilbrigðisstofnunum.

Lokamarkmið

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa aflað sér sérhæfðrar þekkingar og skilnings á:

- innlagnarferli á geðdeild
- hjúkrunarferli skjólstæðinga
- helstu hjúkrunarmeðferðum, sem eru notaðar í geðhjúkrun við algengar geðraskanir fullorðinna
- klínískum leiðbeiningum í tengslum við meðferð geðsjúkra
- einkennum og ástandi skjólstæðinga með geðraskanir
- hvenær frávik þarfnast sérstakra viðbragða, meðferðar og/eða eftirlits
- námsþörfum skjólstæðinga, samstarfsmanna og nema
- algengi og orsökum sjálfsvíga á Íslandi og á alþjóðavísu
- sjálfsvígshættu og viðbrögðum við henni
- viðurkenndum aðferðum til þess að draga úr sjálfsvígshættu
- hvað felst í útskriftarferli skjólstæðinga
- mikilvægi þess að yfirfæra sérhæfða þekkingu á raunverulegar aðstæður

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa öðlast leikni í að:

- útskýra hvað felst í innlagnarferli á geðdeild
- nýta sér í samvinnu við aðrar fagstéttir hjúkrunarferli skjólstæðinga
- veita viðeigandi hjúkrunarmeðferð
- meta þarfir skjólstæðinga og samstarfsmanna fyrir fræðslu
- miðla þekkingu til skjólstæðinga, samstarfsmanna og nema
- útskýra hvað felst í útskriftarferli á geðdeild

- yfirfæra sérhæfða þekkingu á aðstæður í verknámi

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í innlagningarferli á geðdeild
- endurskoða í samvinnu við aðrar fagstéttir hjúkrunarferli skjólstæðinga
- beita í samvinnu við aðrar fagstéttir viðeigandi hjúkrunarmeðferð hverju sinni
- nýta sér klínískar leiðbeiningar
- meta ástand skjólstæðinga
- taka ákvörðun um hvenær frávik þarfnast sérstakra viðbragða
- miðla þekkingu sinni til skjólstæðinga, samstarfsmanna og nema
- beita í samvinnu við aðra faghópa viðurkenndum aðferðum sem draga úr sjálfsvígshættu
- taka þátt í útskriftarferli skjólstæðinga
- yfirfæra og nýta sérhæfða þekkingu á bæði þekktar og óþekktar aðstæður í verknámi

Námslýsing

Í áfanganum er fræðilegt nám og verknám samþætt með þeim hætti að hluti náms í áfanganum fer fram á heilbrigðisstofnun. Fjallað er um hjúkrun einstaklinga með algengustu geðraskanir. Innlagningarferli, helstu hjúkrunarmeðferðir, önnur meðferðarform og meðferðarumhverfi. Farið er yfir hagnýt dæmi þar sem hjúkrunarmeðferðum og annarri meðferð skjólstæðinga með algengustu geðsjúkdóma verða gerð skil svo sem skjólstæðinga með lyndisraskanir, geðhvörf, þunglyndi, örlæti, geðklofa og aðra geðrofssjúkdóma, kvíðaraskanir, persónuleikaraskanir, átraskanir, fíknisjúkdóma og fjölkvilla. Fjallað er um tíðni sjálfsvíga, mat á sjálfsvígshættu og úrræði við sjálfsvígshættu. Nemendur vinna raunhæf verkefni í tengslum við verknám.

Námsmat

Símat, ferilbók, verkefni í tengslum við verknám, einstaklingsverkefni og lokapróf.

GEH4B10 Geðhjúkrun III

Undanfari: GEH4A10 Geðhjúkrun II

Meginmarkmið

Að nemandi öðlist sérhæfða þekkingu, leikni og hæfni til að sinna hjúkrun sérstakra hópa í samfélaginu t.d. barna, unglunga, aldraðra, þroskahamlaðra og skjólstæðinga sem orðið hafa fyrir ofbeldi, áföllum og sorg.

Lokamarkmið

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa aflað sér sérhæfðrar þekkingar og skilnings á:

- mikilvægi meðferðarsambands við skjólstæðinga
- hjúkrun barna og unglunga með geðraskanir
- hjúkrun fjölskyldna barna og unglunga með geðraskanir
- aðferðum sem notaðar eru til þess að meta ástand skjólstæðinga
- hjúkrun aldraðra skjólstæðinga með geðraskanir

- hjúkrun þroskahamlaðra með geðraskanir
- einkennum um ofbeldi
- forvörnum ofbeldis og hjúkrun skjólstæðinga sem orðið hafa fyrir því
- sorg og sorgarviðbrögðum
- áföllum, áfallaviðbrögðum og sálrænum stuðningi
- hlutverki meðferðarteymis í meðferða geðraskanana

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa öðlast leikni í að:

- útskýrt hvað felst í meðferðarsambandi við skjólstæðinga
- taka þátt í hjúkrun barna og unglunga með geðraskanir
- taka þátt í hjúkrun aldraðra með geðraskanir
- taka þátt í hjúkrun fórnarlamba ofbeldis
- greina vísbendingar um ofbeldi
- bera saman viðbrögð skjólstæðinga við áföllum og sorg
- vinna með meðferðarteymi
- útskýra aðferðir sem notaðar eru til þess að meta ástand skjólstæðinga
- yfirfæra sérhæfða þekkingu á þekktar aðstæður

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- mynda meðferðarsamband við skjólstæðinga
- hjúkra börnum og unglungum með geðraskanir
- hjúkra fjölskyldum barna og unglunga með geðraskanir
- hjúkra öldruðum einstaklingum með geðraskanir
- hjúkra þroskahömluðum einstaklingum með geðraskanir
- hjúkra skjólstæðingum sem hafa orðið fyrir áföllum og sorg
- hjúkra fórnarlömbum ofbeldis
- meta vísbendingar um ofbeldi
- vinna með meðferðarteymi í flóknum aðstæðum
- meta ástand skjólstæðinga, greina framvindu og árangur meðferðar
- yfirfæra sérhæfða þekkingu á óþekktar aðstæður.

Námslýsing

Farið er í helstu kenningar um þroskaferil barna og unglunga. Kenningar um þroskaskeið og þroskaverkefni sem og frávik frá þeim kynntar. Fjallað er um helstu geðraskanir barna og unglunga og algengustu meðferðir við þeim. Lögð er áhersla á að vinna með foreldrum, aðstandendum, samstarfsfólki og öðrum aðilum sem koma að málum barna og unglunga. Helstu geðraskanir aldraðra eru kynntar og viðeigandi hjúkrunarmeðferðir. Fjallað er um geðraskanir hjá þroskahömluðum og helstu hjúkrunarmeðferðir. Nemandi fræðist um algengi ofbeldis meðal skjólstæðinga og viðbrögð við því. Farið er yfir leiðir til að greina vísbendingar um hugsanlegt ofbeldi, aðgerðir til þess að fyrirbyggja það og takast á við ofbeldi á faglegan hátt. Fjallað er um áföll og sálfélagslegan stuðning. Námi í áfanganum felur bæði í sér hefðbundið bóknám, nám á meðferðarstofnunum og í heimahjúkrun.

Námsmat

Ferilbók, verkefni í verknámi, hópverkefni, einstaklingsverkefni, kynningar á verkefnum og lokapróf.

GEH4C10 Geðhjúkrun IV

Undanfari: GEH4B10 Geðhjúkrun III

Meginmarkmið

Að nemandi öðlist þekkingu á endurhæfingu skjólstæðinga með geðraskanir. Kynnist íslenska velferðarkerfinu og öðlist þekkingu á geðrænni meðferð sem fram fer úti í samfélaginu. Að nemandi öðlist faglegt sjálfstraust til þess að vera skapandi og virkur þátttakandi í mótun geðhjúkrunar framtíðarinnar.

Lokamarkmið

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa aflað sér sérhæfðrar þekkingar og skilnings á:

- hugmyndafræði og líkönum endurhæfingar fyrir skjólstæðinga með geðraskanir
- aðferðum til þess að meta endurhæfingarþarfir og árangur endurhæfingar
- helstu endurhæfingarleiðum
- félagslegum réttindindum sem skjólstæðingur hefur skv. lögum og reglugerðum
- hugtökunum geðheilsuefling og geðheilsuforvarnir
- nýjungum í geðheilbrigðisþjónustu
- breytingum í samfélaginu sem hafa áhrif á viðhorf til skjólstæðinga með geðraskanir og þeirrar meðferðar sem þeir njóta
- að stefnumörkun í geðhjúkrun þróist í takt við þekkingarþróun innan greinarinnar á hverjum tíma

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa öðlast leikni í að:

- miðla þeirri hugmyndafræði sem endurhæfing skjólstæðinga með geðraskanir byggist á hverju sinni
- velja aðferðir til þess að meta endurhæfingarþarfir og árangur endurhæfingar
- geta útskýrt helstu endurhæfingarleiðir sem bjóðast fólki með geðraskanir
- vísað til þeirra félagslegu réttinda sem skjólstæðingur hefur skv. lögum og reglugerðum
- beita hugtökunum geðheilsuefling og geðheilsuforvarnir
- miðla upplýsingum um nýjungar í geðheilbrigðisþjónustu
- miðla upplýsingum um breytingar í samfélaginu, sem hafa áhrif á viðhorf til skjólstæðinga með geðraskanir og þeirrar meðferðar sem þeir njóta
- nýta leiðir til þess geðhjúkrun framtíðarinnar byggist á þekkingarþróun á hverjum tíma

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka mið af þeirri hugmyndafræði sem endurhæfing skjólstæðinga með geðraskanir byggist á hverju sinni
- beita aðferðum til þess að meta endurhæfingarþarfir og árangur endurhæfingar

- rökstyðja val á endurhæfingarleiðum fyrir skjólstæðinga með geðraskanir
- meta í samráði, þau félagslegu réttindi sem skjólstæðingur hefur skv. lögum og reglugerðum
- beita hugtökunum geðheilsuefling og geðheilsuforvarnir
- nýta upplýsingar um nýjungar í geðheilbrigðisþjónustu
- nýta upplýsingar um breytingar í samfélaginu til þess að hafa áhrif á viðhorf til skjólstæðinga með geðraskanir og þeirrar meðferðar sem þeir njóta
- vera virkur þátttakandi í mótun geðhjúkrunar framtíðar, sem byggist á viðurkenndri þekkingarþróun í greininni

Námslýsing

Fjallað er um endurhæfingu og mikilvægi hennar í meðferð skjólstæðinga með geðraskanir. Hlutverk sjúkraliða í endurhæfingu einstaklinga með geðraskanir er skilgreint og nemendur fá þjálfun í endurhæfingargeðhjúkrun í verknámi. Fjallað er um hugmyndafræði og helstu líkön endurhæfingar og mat á einstaklingshæfðum þörfum skjólstæðings fyrir endurhæfingu. Fjallað er um lögbundið hlutverk íslenska velferðarkerfisins við að styðja geðfatlaða m.a. með framfærslu og húsnæði eftir þörfum. Farið er yfir hugtökin geðheilsuefling og geðheilsuforvarnir. Í áfanganum eru kynntar nýjungar í endurhæfingu skjólstæðinga þar sem notendur geðheilbrigðisþjónustunnar taka virkari þátt í skipulagningu þjónustu, meðferð og framkvæmd endurhæfingar og munu nemendur kynnast þessari þjónustu í verklegum þáttum námsins.

Námsmat

Ferilbók, verkefni í tengslum við verknám, vettvangsferðir, einstaklingsverkefni og lokapróf.

GKS3A04 Klínísk sálfræði

Undanfari: SÁL103 Almenn sálfræði

Meginmarkmið

Að nemendur kynnist helstu meðferðarleiðum klínískrar sálfræði. Að nemendur hafi innsýn í atferlismótun og hugmyndafræði um hugræna atferlismeðferð og geti nýtt sér þær aðferðir í daglegu starfi.

Lokamarkmið

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa aflað sér sérhæfðrar þekkingar og skilnings á:

- meginmarkmiðum klínískrar sálfræði
- helstu meðferðarleiðum sálfræðinnar
- hvernig grunntilfinningar eru skilgreindar
- klassískri og virkri skilyrðingu
- atferlismótun
- hugmyndafræði hugrænnar atferlismeðferðar
- viðtalstækni

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa öðlast leikni í að:

- bera saman meðferðarleiðir í sálfræði

- hlusta eftir grunntilfinningum skjólstæðinga
- útskýra klassíska og virka skilyrðingu
- nota atferlismótun í daglegu starfi
- útskýra hugmyndafræði hugrænnar atferlismeðferðar

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í sálfræðilegu meðferðarstarfi í samstarfi við fagaðila
- greina grunntilfinningar skjólstæðinga
- nota atferlismótun í daglegu starfi
- nota viðtalstækni í daglegu starfi

Námslýsing

Lögð er áhersla á hagnýtingu klínískrar sálfræði í daglegu starfi innan heilbrigðisstofnana. Farið er yfir samspil hugsana og tilfinninga og nemendur læra að þekkja og skilgreina helstu tilfinningar. Farið er yfir hagnýtingu atferlismótunar í daglegu starfi og nemendum kennt hvernig eigin hegðun hefur áhrif á umhverfið. Nemendur læra um helstu meðferðarform sálfræðinnar með sérstaka áherslu á hugræna atferlismeðferð. Grunnhugmyndir hugrænnar atferlismeðferðar eru kynntar og lögð er áhersla á að þjálfarar nemendur í að nýta þær aðferðir í daglegu starfi. Nemendum er sýnt hvaða hugsanir eru einkennandi fyrir mismunandi kvíðaraskanir og þunglyndi og öðlast innsýn í hvernig hægt er að nýta viðtalstækni hugrænnar atferlismeðferðar. Innan námskeiðs eru fyrirlestrar en einnig er gert ráð fyrir æfingum í viðtalstækni og sérstök áhersla er á heimaverkefni.

Námsmat

Skil á heimaverkefnum, ritgerð um valið efni er spannar námeftnið, mæting í verklegar æfingar.

LYF4A05 Lyfjafræði geðsjúkdóma

Undanfarar: LYF 103 (eða sambærilegt nám), LOL 203, SJÚ 203

Meginmarkmið

Að nemandi þekki verkun helstu geðlyfja. Að nemandi skilji tengsl milli verkunar lyfs og áhrifa þess og kannist við helstu aukaverkanir, milliverkanir og skammtastærðir lyfja sem fjallað er um í áfanganum.

Lokamarkmið

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa aflað sér sérhæfðrar þekkingar og skilnings á:

- helstu grunnhugtökum sem tengjast lyfjafræði
- algengum lyfjaformum og skammstöfunum þeirra
- hvernig leitað er upplýsinga um lyf
- áhrifum helstu lyfja í ýmsum mikilvægum lyfjaflokkum, s.s. verkjalyfja, hjartalýfja, sýklalyfja, öndunarfæralýfja og sykursýkislyfja
- áhrifum helstu geðlyfja; róandi lyfja og svefnlyfja, geðrofslyfja og þunglyndislyfja
- nöfnum, sér- og samheitum helstu geðlyfja

- verkun geðlyfja og þekki verkunarmáta helstu tauga- og geðlyfja
- helstu aukaverkunum og milliverkunum geðlyfja
- hvernig á að taka lyf og í hvaða skammtastærðum

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa öðlast leikni í að:

- útskýra helstu grunnhugtök sem tengjast lyfjafræði
- þekkja lyfjaform og skammstafanir þeirra
- leita sér upplýsinga um lyf
- útskýra áhrif helstu geðlyfja; róandi lyfja og svefnlyfja, geðrofslyfja og þunglyndislyfja
- geta útskýrt aukaverkanir og milliverkanir geðlyfja

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita helstu grunnhugtökum sem tengjast lyfjafræði
- leita sér upplýsinga um lyf
- greina aukaverkanir og milliverkanir geðlyfja og róandi lyfja
- geta útskýrt verkun helstu geðlyfja og aukaverkanir

Námslýsing

Í áfanganum er fjallað almennt um lyfjagjafir, frásög, dreifingu, umbrot og útskilnað lyfja. Útskýrð eru ýmis atrið sem tengjast lyfjafræði, svo sem verkun, aðgengi, helmingunartími o.fl. Einnig er farið í mismunandi lyfjaform, aukaverkanir og milliverkanir.

Farið er í ýmsa lyfjaflokka, eins og verkjalyf, hjartalýf, sýklalyf, öndunarfæralyf og sykursýkislyf, en aðaláherslan er samt lögð á tauga- og geðlyf. Farið er í lyf og lyfjaflokka og hvaða áhrif þau hafa og hvernig þau koma að notum við að lækna sjúkdóma eða heilkenni. Farið er yfir helstu skammtastærðir og hvernig lyf eru tekin svo þau gagnist sem best.

Námsmat: verkefni, hlutapróf og lokapróf